
Glæsibær í Eyjafirði:
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags



Ritstjóri: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Höfundar efnis: Lilja Laufey Davíðsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík 2018
FS682-18021



Á forsíðumynd er horft yfir Glæsibæ og Glæsibæjarkirkju til norðurs. Ljósmyndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir.

© 2018

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@instarch.is

HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt.....	5
1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Ágrip af sögu jarðanna og fornleifaskrá.....	13
EY-246 Glæsibær	14
EY-247 Hanastaðir.....	25
EY-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð.....	40
5. Niðurstöður.....	42
Heimildiaskrá	45
Útgefnar heimildir.....	45
Óútgefnar heimildir.....	45
Heimildamenn	46
Hnitaskrá	47
Minjakort.....	48




Samantekt

Í apríl 2018 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu á 33,2 ha skipulagsreit fyrir Teikn á lofti og Arctic Polar. Reiturinn er í landi Gæsibæjar, 7 km norðan við Akureyri en þar er fyrirhugað að byggja upp íbúðar-, þjónustu- og verslunarsvæði. Tvö lögbýli eru innan skipulagsreitsins, Glæsibær og Hanastaðir en það síðarnefnda lagðist í eyði um miðja 19. öld og féll þá landið sem henni tilheyrði til Glæsibæjar. Aðalskráning á fornminjum í Glæsibæjarhreppi fór fram árið 1998 og þá voru skráðir 14 minjastaðir innan þess reits núverandi deiliskipulag nær yfir. Þegar svæðið var deiliskráð 2018, var allur skipulagsreiturinn genginn og fundust alls 29 minjastaðir. Hlutverk minjanna er mjög fjölbreytt en á svæðinu er að finna þingstað, ýmiskonar garðlög og útihús sem tengjast landbúnaði og minjar sem tengjast síldarverkun frá byrjun 20. aldar. Allar minjarnar töldust vera í hættu eða stórhættu vegna framkvæmda, trjáræktar eða sjávarrofs.



1. Inngangur

Í byrjun árs 2017 fór skipulags-, arkitekta- og hönnunarstofan Teikn á lofti ásamt Arctic Portal, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin tæki að sér fornleifaskráningu innan skipulagsreits á Glæsibæ í Eyjafirði. Tvö lögbýli eru innan skipulagsreitsins, Glæsibær EY-246 og Hanastaðir Ey-247, en Hanastaðir hafa að mestu verið í eyði frá því á 18. öld. Deiliskráningin var unnin fyrir landeigendur. Ástæða þess að ráðist var í deiliskipulagsvinnuna voru hugmyndir um uppbyggingu íbúðarhúsabyggðar á svæðinu en samhliða henni er gert ráð fyrir að byggja á svæðinu verslanir og þjónustumiðstöð. Úttektarsvæðið í þessum fyrsta áfanga var alls 33,2 hektara stórt. Vettvangsrannsókn fór fram í endan apríl og lánaði Minjastofnun Íslands Trimble Geoexplorer 6000 tæki til uppmælinga og eru stofnuninni færðar þakkir fyrir lánið. Verkið vann Lilja Laufey Davíðsdóttir og úrvinnsla, kortagerð og skýrsluskrif voru einnig í hennar höndum.



Mynd 1. Á kortinu sést staðsetning Glæsibæjar

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í kjölfar hans fylgir þriðji kafli þar sem farið er yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Í fjórða kafla verður farið stuttlega yfir sögu Glæsibæjar og Hanastaða og þeirra framkvæmda sem hafa átt sér stað innan skipulagsreitarins en í kjölfarið fylgir sjálf minjaskráin þar sem fjallað verður um þær fornleifar sem eru innan reitsins. Í fimmta og jafnramt síðasta kaflanum verður farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru viðaukar með hnitaskrá og minjakortum sem sýna dreifingu minja á deiliskipulagsreitnum.



Mynd 2. Á loftmyndinni má sjá skipulagssvæði fyrsta áfanga í heild sinni markað með appelsínugulri línu. Nyrst á svæðinu eru áætlanir um að byggja upp verslunar- og þjónustusvæði en á syðri hlutanum mun rísa íbúðarbyggð. Svæðin vestan skipulagsreitanna tveggja voru ekki skoðuð í þessum áfanga, en þar mun liggja vegur til austurs að íbúðarbyggðinni.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, sknúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hversrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF

175

009

Sveinshlaða

tóft


hlaða

E: 528751

N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif


Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 3. Dæmi um framsetningu minjastaðar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands

sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar. Oft voru mörk merkjanlegra minja einnig mæld upp til þess að staðsetja þær enn betur. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan svæðisins skráðir í stórhættu vegna framkvæmda vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á svæðinu, nema ef að einhver önnur hætta steðjaði frekar að þeim, eins og sjávarrof eða trjárækt. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Ágrip af sögu jarðanna og fornleifaskrá

Glæsibær er sögufrægur staður. Í Landnámabók kemur fram að landnámsmaðurinn settist á Hanastöðum, sunnan við Glæsibæ og hluti af núverandi landi þess. Það var hann Eyvindur hani sem þar bjó og kallaðist staðurinn þá Hanatún.¹ Glæsibæjar sjálfs fyrst getið í heimildum í Sturlungasögu um



Mynd 4. Fornminjar í heimatúni Glæsibæjar ásamt útlínunum túnakorts frá árinu 1917.

1254-58. Í Íslensku fornbréfasafni (DI) kemur fram að Glæsibæjarkirkja átt skóg í Fnjókadal frá árunum

¹ Íslensk fornrit I, bls.259

1394-1461 og ýmis hlunnindi víðsvegar um svæðið þar á meðal torftöku í Dagverðarnesi, hálfsmánaðarteig í Moldhaugum og afrétt undir Bröttubrekku í Hörgárdal.² Í jarðabók Johnsens árið 1847 kemur fram að Hanastaðir hafi þá verið hjáleiga frá Glæsibæ. Hanastaðir hafa þá að mestu verið í eyði í „mannaminnum“ ef undanskilin eru nokkur ár í kringum 1696 og 1847.³

Innan deiliskipulagsreits hefur farið fram óvenjufjölbreytt starfsemi allt frá um aldamótin 1900. Fyrst ber að nefna síldarsöltunarstöð sem þar var reist um aldamótin 1900 við Hanastaðaklett en hún var starfrækt til ársins 1917. Í gamla heimatúni Hanastaða var þinghús Hlíðunga, Þingheimur, reist skömmu fyrir aldamótin og stóð þar til ársins 1910 þegar það var flutt á Sólborgarhól. Í Glæsibæ er stunduð skógrækt og sumarbústaðahverfið Hagaskógur hefur verið byggt upp þar. Norðan við Glæsibæ eru miklar malarnámur sem setja svip sinn á landslagið.⁴

EY-246 Glæsibær

Kirkjustaður.

1254: "Var þá ráðið að brennumenn skyldu finna Gissur [Þorvaldsson] í Glæsibæ gekk þar eigi sætt saman" Íslendinga saga, Sturl, 653.

18. júlí 1255: "Ríðu menn nú til þess er þeir komu um Glæsibæ. Þar stendur sauðahús. Ríðu þeir í sauðahússtúnið og stigu af hestum sínum og létu þar lausa töluðu höfðingjar hljótt nokkra stund." Þorgils saga skarða, Sturl, 695

1258: "Þorvarði [Þórarinssyni] hafði komið njósn um kvöldið eftir nón af Jóni í Glæsibæ." Þorgils saga skarða, Sturl, 741.

1394 átti Glæsibæjarkirkja skóg í Fnjóskadal - DI III, 520. Skv. sölubréfi Lauglands 7.4.

1399 átti Glæsibæjarkirkja einnig mánaðarrektur búfé í bæði mál eða tveggja mánaða rektur í annað mál í landi Lauglands - DI III, 643.

1461 átti Glæsibæjarkirkja skóg í Fnjóskadal, mánaðarrektur búfé í bæði mál fram í Fremri Kleifum, Dalslandsheiði, afrétt hrossum og öllu geldfé undir Bröttubrekku í Hörgárdal, tólffeðming torfs árlega í Dögurðareyrarjörð, hálfsmánaðarteig í Moldhaugnajörð árlega í móti þaragögnum í Básam - DI V, 318.

1712: „Kirkjustaður og beneficium. Jarðardýrleiki óviss, því staðurinn er tíundafrí, so sem öll önnur beneficia hjer á landi. [...] Kirkjukúgildi vi, og nýtur presturinn ávax(t)anna frí, en ábyrgist að öllu. Kvaðir eður ískylda alls engin. Kvikfjænaður iikýr,xlvii ær, xxxii sauðir tvævetri(r) og eldri, xvi veturgamlir, iiii hestar, ii kúa þúngi. [...] Fjalldraparíf til eldiviðar bjarglegt, brúkast með taði undan kvikfje. Torfrista og stúnga lök og erfið til að sækja. Silúng(s)veiði lítin með lagnetjum í sjónum, er valla til hlunninda teljandi. Reki hefur ei hepnast so menn viti, fyrir utan i 7 ána langt trje. Sölvareki var áður að nokkru gagni, sem nú hefur brugðist í næstu 10 ár. Beit í fjörunni seint á vetri er að nokkru gagni, þá ekki hamla ísar. Tólf feðminga torfs á staðurinn eftir máldaganum í Dagverðareyrar jörðu, sem ekki hefur brúkast so menn viti, er of ifi á, hvort þar sje nokkur mósukurður eður ei. Hál(f)smánaðar teig í Moldhaugna landi, sem aldrei hefur brúkast so menn viti. Skóggpart á staðurinn í Fnjóskadal út frá Hróastöðum, hann hefur ekki heldur brúkast so menn viti, er og sagður lítt brúkandi til kolagjörðar.“ JÁM X, 181-182

1847: "Glæsibær hefir jafnan verið kölluð mögur bújörð. Túnið fóðrar 3 kýr, eingjar eru lítilfjörlegar, útbeit léleg, og við sjáfarsíðuna rekalaust. Jörðinni fylgja 36 ær." JJ, 311.

1917: „4,8 teigar. 9/10 slétt. Garðar 1168 stikur 2.“ Túnakort 1917

Smábýli, Glæsibær II, byggt úr landi Glæsibæjar 1978 á 0,11 ha lóð.

² Íslenzkt fornbréfasafn V, bls. 318

³ JÁM, 182; JJ, bls. 311

⁴ Byggðir Eyjafjarðar, bls. 582



Mynd 5. Bæjarhóll Glæsibæjar 001, horft til suðausturs

niður í lækjagilið og 30 m suðvestan við Glæsibæjarkirkju 002.

Vestan við bæinn er aflýðandi brekka þar sem útihús 004 stóð. Bæjarstæðið hefur verið sléttað en nokkur stór tré standa enn við bæjarstæðið. Þar er núna grasi vaxinn húsgarður. Ekki sjást nein ummerki um bæjarhólinn vegna sléttunar.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 35

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var bæjarstæði Glæsibæjar austarlega í túninu, rétt norðan við lækjargil sem rennur austur eftir og niður að sjó. Í aðalskráningu á jörðinni frá árinu 1998 segir um bæjarhól Glæsibæjar: "Bæjarhólinn var undir núverandi íbúðarhúsi og bílastæðinu [...]. Allt húsið er með kjallara nema elsti hlutinn sem byggður var við torfbæinn, allt sléttað og því ekki líklegt að mannvistarleifar sé að finna þar." Á gamalli ljósmynd í eigu Sigríðar Manasesdóttir af torfbænum sjást þrjár burstir með timburpili. Ekki sést móta fyrir neinum bæjarhól á svæðinu og er hann líklega horfinn að mestu. Bærinn hefur staðið 10-15 m norðan við brattann



Mynd 6. Glæsibæjarkirkja 002 og kirkjugarður, horft til ASA

GLÆSIBÆR Í EYJAFIRÐI (E) - Nikulási1318: ä allt heima land [vantar]; Máld DI II 4541394: a allt heimaland [+ skógarstöðu] þar er prestz skyld. Tekur heima j leygu. Iijj. Merckur. Enn vtann gardz hundrad. Liostollur og heytollar af. X. Bæium. Tijund tali anno kyrckiu hluti. Halfur tijunde Eyrer; Máld DI III 520-521

7.4.1399: [sagði Einar seljandi Laugalands í umboði Guðmundar prests föður síns] at kirkian j glæsibæ ætti manadar Rekstur a sumar j bædi mal bufe ella tueggia manadar Rekstr j annath mal; DI III 643 [Sölubréf Laugalands]

1429: [kvikfé] Porcio hundrat oc atian

alnar vpp aa tuau aar. Bræstur vidh helga siugurdzson iij hundrot j jnstædu oc twitugh vodh.

Jporcionem br'str med jon magnusson tuau hundrot j porcionem; Máld DI IV 373

[1429]: [1] prestr; DI IV 380

20.12.1429: Jón biskup Vihjálmsson veitir Jóni Guðmundssyni smíð staðinn í Glæsibæ vm æitt aar med ollum gognum et cetera oc eckki læighsælia edr lia af stadnum oc mæga tala efter stadarens godzæ logliga oc bida firir þeim rangliga hafua haldit; DI IV 398

27.10.1430: Jón biskup Vihjálmsson veitir Jóni Guðmundssyni staðinn í Glæsibæ vm æina tolfmanadi nu fra næstum fardogum oc til annara oc þat længr sæm uorar nadær til sægia oc hann gerir oss oc hælagre kirkju troa þionustu efter þui han hefer oss lofad med ollum þeim gognum oc gæðum j fostu godzsæ fridu oc ofridu j mina lut oc mæiri preter porcionem ecclesie. Skal han oc hafua fult oc logligt vmbodh til [ath] bæida oc krefuia sem Odda bref sægir et cetera [Tjörn í Svarfaðardal 7.6.1430] en ef huali kann ræka skal hann æiga þridiung en kirkian oc ver ij lutæ oc vaktæ hennar lut oc vorn sæm bæst hann [kann henne] oc oss skadalaust en vidreka allan kirkionnæ til nytt[a] oc suaræ ollum skyldum jardarennar; DI IV 432

22.2.1452: Jörðin gaser .. Ligur j glæsebæiar kirkjusoknn; DI V 89 sbr 91

26.6.1460: Jörðin skialldarvik I kræklingahlid liggr I glæsibæiar kirkiv sokn; DI V 212

1461: Máld DI V 318-319


[1461]: 1 prestur DI V 360

1712: Kirkjustaður og beneficium; JÁM X: 181

27.2.1880: Glæsibæjarprestakall lagt niður og Glæsibæjarsókn lögð undir Möðruvallaklaustur; (PP, 278) [lög].

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kirkjan ANA við bæ 001. Kirkjan hefur staðið á sama stað um aldir, um 30 m norðaustur af 001, nærri ströndinni. Kirkjugarðurinn var sléttaður um 1992 og voru þá ekki allir steinarnir settir aftur á sinn stað eftir það, elsti steinninn í garðinum nú frá árinu 1863. Kirkjan sjálf eldri en kirkjuturninn. Svæðið þar sem kirkjan og kirkjugarðurinn standa er grasi vaxið og flatlent. Sjávarbakinn er 20 metrum austan við kirkjuna. Í kirkjur Íslands segir um Glæsibæjarkirkju: "Um miðbik 18. aldar stóð gömul og lúin torfkirkja í miðjum kirkjugarðinum í Glæsibæ. Kórinn var undir minna formi en kirkjuskipið, torfveggir voru með

langhliðum og torf á þaki en stafnar af timbri. Fallegur gluggi var yfir altari og glæsilegur bjór yfir kirkjudyrum. Yfir predikunarstólnum var lítill gluggi á þekjunni. Skömmu fyrir aldamótin 1800 hlaut þessi kirkja allmikla viðgerð og þótti eftir það vera í dágóðu standi. Henni hrakaði þó smám saman eins og við er að búast og um miðja öldina var hún orðin nokkuð léleg [...]." Þar kemur einnig fram að árið 1865 hafi timburhús á Ósi verið tekið niður, flutt að Glæsibæ og endurreist þar sem kirkja. Er þetta sú kirkja sem enn stendur í Glæsibæ þó hún hafi breyst



Mynd 7. Uppmælingar af kirkjunni og kirkjugarðinum eins og það lítur út í dag

mjög mikið. Í Byggðir Eyjafjarðar I segir um Glæsibæjarkirkju: "Í Glæsibæ hefur verið kirkja frá fornu fari og var hún í kaþólskum sið helguð heilögum Nikulási. Núverandi kirkja var vígð 24. september 1865 og er hún strandklædd timburkirkja með þakjárnri og á suðurþekjunni er kvistgluggi sem veitir birtu í predikunarstólinn. Kirkjusmiður var Þorsteinn Danielsson á Skipalóni, en hann notaði til kirkjubyggingarinnar efni úr íbúðarhúsi á Ósi í Hörgárdal, sem hann hafði byggt 8 árum áður. Sáluhliði er yfirbyggt. Turn kirkjunnar er yngri en kirkjan, reistur 1929, en önnur kirkjuklukkan gæti verið frá því fyrir siðaskipti. Kirkjan tekur 70 manns í sæti en í kór, sem er afmarkaður með milligerð, er orgel og nokkur aukasæti. Loftið er blámáluð skarsúð. Kirkjunni er vel við haldið og í alla staði hin snotrasta. Í miðri kirkju hangir stór kristalsljósakróna, og altaríaflan sýnir Jesú innan um börnin og er hún máluð af Arngrími Gíslasynimálar frá Skörðum eftir erlendri fyrirmynd. Merkasti gripur kirkjunnar er kaleikur með áletruninni "Jon Berensson paa Grund 1612". Einnig á kirkja Þorláksbiblíu prentaða á Hólum 1643." Kirkjan stendur enn (2018) á sínum stað.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; DI II-V; JÁM X; PP, 278; Byggðir Eyjafjarðar I, 642; Kirkjur Íslands 9, 90

EY-246:003

heimild

fjárhús

A: 538440

N: 584216



Myndir 8 og 9. Útihús 003 er nú horfið en mun hafa loftmynd staðið í vesturhluta túnsins Gerði, horft til suðurs. Útlínur hugsanlegs útihús sáust á loftmynd en ekki á vettvangi.

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús rúmunum 120 m suðvestan við bæ 001 og rúmunum 100 m norðvestan við tóft 024. Það var sunnan við lækjargilið og bæjarlækinn, í túni sem kallað var Gerði. Í aðalskráningu frá árinu 1998 segir um útihúsið: "Allt þetta tún þarna suður af lækjargilinu heitir Gerði, og þarna var fjárhústóft með hlöðu þegar Davíð [Guðmundsson f. 1936] heimildarmaður var ungur." Þegar svæðið var skráð árið 1998 var þar afgirtur hestahagi en nú hefur allt svæðið verið lagt undir trjárækt. Þar sem útihúsið stóð er dálítill lægð í landslaginu á milli tveggja hóla, að sunnan og vestan. Þar er nokkuð stórpýtt og grasi vaxið.

Ekki sáust nein ummerki um útihúsið á vettvangi enda hafði húsið þegar verið rífið þegar aðalskráning fór fram á 1998. Á loftmynd frá svipuðum tíma sést móta fyrir úlínunum á svæðinu sem gætu hafa eftir fjárhúsið og hlöðuna. Þær útlínur marka aflanga tóft sem er 15x7 metrar að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1917; Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir, 3



Mynd 10. Útihús og hlaða stóðu í brekkunni. Nú er ekkert eftir nema dæld í brekkunni. Horft til suðvesturs.

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 3 m NNV af bæ 001 og rúmum 50 m vestan við kirkjuna 002, þar sem heimreiðin liggur niður að kirkjunni og íbúðarhúsinu. Í aðalskráningu frá árinu 1998 kemur fram að heimildamaður muni ekki eftir tóft á þessum stað. Samkvæmt heimildarmönnum, Davíð Guðmundssyni (1997) og Sigríði Manasesdóttur (2018) var hindvegar útihús í brekkunni um 6 m norðvestan við núverandi íbúðarhús Glæsibæjar og rúmum 40 m vestan við kirkjuna 002. Í aðalskráningu frá árinu 1998 var þetta útihús skráð sem sér fornleif en líklega er þetta sama útihús og sýnt er á túnakorti. Þar segir um útihúsið: "Um 6 metra V af núverandi íbúðarhús og um 15 m S af girðingunni var útihús í brekkunni. Öðru megin var fjós en hinumegin hesthús og hlaða á milli. Þar er

nú sléttuð brekka. Hlaðan opnaðist til vesturs upp í brekkuna svo þægilegt var að setja heyið inn í hana." Svæðið þar sem útihúsið var er grasi vaxinn húsgarður og brekka upp til vesturs. Enn sést móta fyrir dæld í brekkunni eftir útihúsið og grasið þar er fljótara að grænka á vorin. Dældin er 10x4 m að stærð og snýr vestur-austur. Annars sjást engar leifar eftir útihúsið.



Mynd 11. Uppmæling af dældinni sem sést í brekkunni.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús rúmum 100 metrum norðan við bæ 001 og rúmum 0 metrum NNV við Glæsibæjarkirkju 002. Í aðalskráningu frá árinu 1998 segir að þetta hafi verið 80-100 kinda fjárhús sem hafi verið sléttað um 1975/6.

Þar sem útihúsið stóð er nú sléttuð tún og röð af trjám meðfram því sem liggja vestur-austur niður að sjó. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði enda hefur það verið sléttuð í túnið. Líklega leynast þó einhverjar

leifar þess undir túninu.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

EY-246:008

Glæsir

þjóðsaga

A: 538634

N: 584360



Myndir 12 og 13. Kletturinn Glæsir, horft til norðausturs (vinstri) og horft til suðausturs (hægri).

Í örnefnaskrá Glæsibæjar segir " [sunnan við Glæsibæjarnöf] en út og fram af Glæsibæjarkirkju, er steinninn Glæsir. Um hann er sú þjóðsaga, að meðan Svalbarðskirkja var annexía frá Glæsibæ, hafi þar eitt sinn verið svo fjölkunnugur prestur, að hann hafi breytt steininum í sel og haft hann fyrir reiðskjóta yfir fjörðinn." Steinn er út í sjónum um 10 m austur af fjöruborðinu og rúma 130 m norðaustur af bæ. Fjaran er grýtt á þessum slóðum og sjávarbakkar niður af túninu eru háir og grasi grónir.

Steinninn er u.þ.b. 2x1,5 m stór og 1 m á hæð en nákvæm mæling á honum var ekki gerð sökum þess að staðurinn var skráður á flóði.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Glæsibær, 159

EY-246:020

heimild

rétt

A: 538407

N: 584333

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús samfast við vallargarðinn og mundu bæði Davíð Guðmundsyni (heimildarmannur frá því í aðalskráningunni 1997) og kona hans Sigríður Manasesdóttir, heimildamaður 2018, eftir þessari rétt. Réttin var tæpum 120 m vestan við bæ 001 og tæpum 120 m norðvestan við 003, rétt vestan við íbúðarhús Glæsibæjar II.

Þar sem réttin stóð er nú hús, vegur og gróinn hóll. Ekki sjást nein ummerki um réttina á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917



Myndir 14. Og 15. Útihús 024 horft til norðurs og uppmæling af útihúsinu

Útihúsatóft er tæpum 150 m sunnan við bæ 001 og rúmum 100 m suðaustan við útihús 003. Tóftin er í gömlu túni sem kallast Gerði, sunnan við lækjargilið og bæjarlækinn. Tóftin er rúma 20 m vestan við sjávarbakkann. Þegar svæðið var skráð árið 1997 var þar afgirtur hestahagi en nú (2018) hefur allt svæðið verið lagt undir trjárækt. Þar sem útihúsið stóð er dálítill lægð í landslaginu á milli tveggja hóla, að sunnan og vestan. Þar er nokkuð stórþýft og grasi vaxið.

Tóftin er 13.5x9.5 m að stærð og snýr austur-vestur. Svæðinu hallar lítillega til austurs, niður að sjó. Tóftin er tvískipt. Hólf I er vestar í tóftinni og er 3.5x3 m að innanmáli. Enginn augljós inngangur er greinilegur inn í það. Austan við hólf I er hólf II. Inngangur inn það frá austri. Það er 2x2 m að innanmál og sést móta fyrir grjóthleðslum í norður- og suðurveggjum. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og veggjahæð er 0.7-1 m. Tóftin er frekar stór og mikil og veggir standa nokkuð háir. Tóftin er innan þess svæðis sem teiknað var upp þegar túnakort var Glæsibæ árið 1917 en hún er ekki sýnd á kortinu. Þar sem hún virðist vera frekar nýleg má ætla að útihúsið hafi verið byggt eftir að túnið var mælt upp árið 1917.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

Samkvæmt túnakort Glæsibæjar frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Svæðið er nú (2018) húsgarður og þar er lítill rabbabarabeð. Brekka er niður að lækjargilinu þar sem kálgarðurinn hefur verið. Ekki sjást nein ummerki um fornleifar á yfirborði og hefur kálgarðurinn líklega verið sléttaður um leið og gömlu bæjarhúsin.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1917



Myndir 16 og 17. Túngarður 026A (vinstri), horft til norðurs og túngarðshryggur 026C (hægri), horft til norðausturs.

Samkvæmt túnakorti Glæsibæjar frá 1917 var túngarður í kringum tún bæjarins. Megnið af túngarðinum er horfinn nú en hlutar hans sjást þó enn. Hlutar A og B sjást sitthvoru megin við lækjargilið vestast í gamla heimatúninu, rúmum 110 m vestan við bæ 001. Hluti A er sunnan megin lækjarins og hluti B er norðan megin. Einnig sést hluti C sem hryggur í túni 180 m norðvestan við bæ 00, norðvestur horn túnsins. Svæðið þar sem garðlagið liggur sunnan við bæ 001 er í lítilli dæld milli tveggja hæða. Svæðið var áður gamalt tún en er nú nýtt undir skógrækt. Norðan við bæ liggur túngarðurinn í sléttuðu túni.

Samkvæmt túnakorti frá 1917 má ætla að túngarðurinn hafi umlukið túnið til allra átta og markað af tún sem var um 330x250 m stórt og snéri norður-suður. Nyrsti hlutinn var breiðastur en syðri hlutinn mjórri eða aðeins um 140 metrar á breidd. Nú sjást leifar túngarðs á þremur stöðum og var hverjum hluta hans gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hann sést í suðvesturhorni sunnan lækjar (A), á vesturhlið norðan lækjar (B) og í norðvestur horni (C). Hlutar A og B eru mjög líkir, nema staðsettir sitthvort megin við lækinn, hluti A sunnan við en B norðan við hann. Þeir liggja á 75 m löngum kafla, norður-suður. Þeir eru torfhláðnir og eru 1,5-2 m á breidd en mest um 0,6 m á hæð. Hluti C sést sem hryggur í túninu norðan við bæ 001. Hann er í tveimur bútum og liggur á um 130 m löngum kafla, 0,1 metri á hæð og 1,3-3 metrar á breidd.




Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1917

Mynd 18. Uppmæling af yngri túngarði Glæsibæjar 026.

EY-246:027 tóft óþekkt

A: 538305

N:584660



Mynd 19. Tóft 002, horft til suðausturs.

Mynd 20. Uppmæling af tóftinni.

Lítill tóft er rúmm 410 m norðvestan við bæ 001 og 100 m vestan við stóra malarnámu við sjóinn. Braggi stendur í hæðinni ofan við tóftina, 60 m vestan við hana. Tóftin er í brekkurótum grasi gróinnar brekku sem hallar til austurs. Svæðið er notað sem beitarhólf hesta.

Tóftin er 12x5,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er mjög óljós og útflött. Tóftin er tvískipt en norðan hennar og samföst við hana, er lág þúst sem gæti verið þriðja hólfið. Fast við vesturhlið hennar liggur veggheðsla sem gæti verið hluti af öðru hólfi, fjórða hólfinu. Hólf I er greinilegast og er 1,5x1,5 m að innanmáli. Hæð veggja er 0,3 m að innan en 0,1 m að utan og hólfið gæti því verið aðeins niðurgrafið. Hólf II er austan við hólfi I og er það 3,5x0,5 að innanmáli. Þústin er norðan við hólfi I og er 0,1 metrar á hæð og þar sést ekkert innanmál. Tóftin er mjög óljós og sést aðeins af því að túnið er notað sem beitarhólf hesta og er því bitið niður í grasrót. Sömuleiðis sést að grasið er grænna í og við tóftina. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en líklega hefur þetta verið einhverskonar útihús undir búfénað, líklega beitarhús miðað við fjarlægð frá bæ 001.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda


EY-246:028 vegur leið

A: 538255

N: 584751



Myndir 21.og 22. Vegur 028, horft til austurs (vinstri) og hlið 028C, horft til norðausturs (hægri).



Mynd 23. Uppmæling af veginum og hliðinu.

Glæsibæ II, taldi veginn einn af elstu vegunum sem lagður var niður að Dagverðareyri, líklega um 1930 og er því ekki fullvíst að hann teljist til fornleifa samkvæmt laganna skilningi (en miðað er við minjar 100 ára og eldri) en hann var engu að síður látinn njóta vafans og hafður með í fornleifaskráningu. Vegurinn er 4 m breiður og hleðsluhæð er 0,3-0,5 m nema um miðbik veggins þar sem hann er alveg útflattur. Ekki sést í neitt grjót í hliðum hans en það má þó ætla að hann sé grjóthlaðinn að mestu. Steyptir stólpar eru við vesturenda hluta B, þar sem hefur verið hlið (C) á veginum.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

EY-246:029 garðlag túngarður

A: 538536 N: 584078



Mynd 24. Túngarður 029A, horft til norðvesturs.



Mynd 25. Túngarður 29B, horft til norðausturs

Eldri túngarður en túngarður 026 er 230 m sunnan við bæ 001 og tæpum 80 m sunnan við tóft 024, í hæðunum fyrir sunnan túnið Gerði. Túngarðurinn er merkanlegur í hæðunum sunnan og vestan við gamla túnið Gerði, sem liggur sunnan við lækjargil og bæjarlæk Glæsibæjar. Garðlög A og B eru í smáþýfuðum móa, grasivöxnum, með

lyngi og kjarri. Birki vex á svæðinu við og í garðinn. Hluti C er í lítilli grasivaxinni dæld milli tveggja hæða vestast á svæðin og hluti D er í suðurhluta lækjargilsins, rétt vestan við túngarð 026A.

Garðlagið skiptist í fjóra hluta og sem allir eru í hæðunum fyrir vestan og sunnan við gamla túnið Gerði.




Mynd 26. Túngarður 29D, horft til suðurs

Garðana má samtals rekja á 290 m löngum kafla, á svæði sem er 200x90 m stórt og snýr austur-vestur. Garðlagið er mjög sigið og sumstaðar er það algerlega útflatt. Hér er hverjum búi af túngarðinum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hluti A snýr vestur-austur og er um 90 m langur. Austasti hluti þess hallar niður að sjó. Hleðsluhæð er víðast á bilinu 0,2 til 0,4 m en nær þó 0,6 m hæð þar sem mest er. Við miðbik garðsins er hann algerlega útflattur og sést aðeins sem hryggur. Hryggurinn er 2-4 m að breidd og virðist vera að mestu torfhlaðinn. Hluti B er austast á svæðinu og snýr norður-suður. Hann má rekja á 25 m löngum kafla. Garðlagið er 1-2 m á breidd og en 0,2-0,4 m hátt. Það er að torf- og grjóthlaðið og sést í

stöku grjót í því. Hluti C er vestan við hluta A og sást illa á vettvangi en sést ágætlega á loftmynd af svæðinu sem tekin var áður en skógrækt hófst á túninu. Það liggur norðvestur-suðaustur á 80 m löngum kafla en beygir svo til norðurs og liggur áfram í 20 m áður en það verður óljóst. Veggir garðlagsins eru algerlega útflattir og erfitt er að greina það á vettvangi. Hluti D er vestast á svæðinu og er það sá hluti túngarðsins sem sést hvað best. Hann snýr norður-suður og er um 25 m langur. Garðurinn er 2,5 m á breidd en 0,6 m hár. Garðlagið er torfhlaðið og ekki sést í neinar grjóthleðslur í því. Þær leifar garðlags sem skráðar eru á þessum slóðum eru líklega forn túngarður frá Glæsibæ og hefur markað eldra tún en sýnt er á túnakortinu frá 1917. Ekki er ólíklegt að garðurinn sé frá sama skeiði og garður EY-661:005, sem liggur í bótum frá Hanastöðum.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Mynd 27. Uppmæling af eldri hluta túngarðsins.

EY-247 Hanastaðir


Í Landnámabók segir um Hanatún eða Hanastaði: "Eyvindur hani hét maðr gofugr; hann kom út síð landnámstíðar. Hann varfrændi Ondóttssona; þeir gáfu honum land ok bjó hann í Hanatúni ok var kallaðr Túnhani. Þar er nú kallat Marbæli. Hans son var Snorri Hlíðarmannagoði." ÍF I, 259

Hanastaðir voru hjáleiga frá Glæsibæ um 1712: "Hanatun, kallast nú almennilega Hanastader, heitir fornt eyðiból í staðarins landi milli Skjaldarvíkur og Glæsibæjar. Þar eru sýnileg byggingamerki, tóftarústa og girðinga, og brúkar staðurinn þangað stekkjarför. Þetta eyðiból var byggt um eitt ár af staðarhaldarunum, einum fátækum manni, hjer um fyrir 16 árum." JÁM X, 182.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 kemur fram að 1 l. hafi verið ábúandi á jörðinni. Þar segir einnig um Glæsibæ [EY-246] og Hanastaði: "Hér segir hvergi frá dýrleika, og hefir hjáleigan, sem A. M. líka kallar Hanatún, laungum áður verið í eyði." JJ, 296.

Landskuld var xx álnir í landaurum. Kúgildi ekkert. Fóðrast kunni ein kýr hálfan vetur. Þetta býli hefur hvorki bygst áður nje síðan í manna minni, má og ekki aftur byggja fyrir heyskaparleysi, þó túnstæði sje nokkuð. Þar með má staðurinn ekki beitolandsins án vera. JÁM X, 182.

Heimatún Hanastaða er stórpýft enda hefur ekki verið búið á svæðinu í mannaminum. Heimatúnið er rammað inn af tveimur hæðum sem liggja norðan og sunnan við það og stór hluti þess liggur í aflíðandi brekku niður til austurs í átt að sjónum. Þó er nokkur flati í því frekar austarlega þar sem mesta minjahyrpingin er. Bæjarlækurinn rennur í litlu lækjargili sem liggur sunnan við heimatúnið og hefur vatn verið sótt þangað. Alls eru



Mynd 28. Uppmælingar af fornminjum í heimatúni Hanastaða.

6 tóftir/þústir á svæðinu og fjögur garðlög. Flestar tóftanna eru sokknar og líta nokkuð fornlega út og gætu tilheyrð gamla bæjarstæði Hanastaða. Fjárhústóft 001, sem hefur verið byggð ofan í bæjarhólinn er þó greinilega yngri. Bæjarhólsmyndun er þó ekki mjög mikil, aðeins um 0,5 metrar. Túnið er frekar langt og mjótt og hefur verið plantað bæði lauf- og barrtrjám í hæðarnar við það og setur trjáræktin á svæðinu minjarnar í talsverða hættu. Ekki hafa verið sett nein tré niður í miðju túnsins en jaðrar þess er þakir stórum trjám sem þegar eru farin að hafa áhrif á fjölda fornleifa ásvæðinu

EY-247:001 Hanastaðir

bæjarhóll

bústaður

A: 538595

N: 583685




Mynd 29. Fjárhústóft 001 sem byggð er ofan í bæjarhól Hanastaða, horft til vesturs.



Mynd 30. Bæjarhóll Hanastaða, horft til austurs.

Í Landnámabók (ÍF I) segir: "Eyvindur hani hét maðr gofugr; hann kom út síð landnámstíðar. Hann var frændi Ondóttssona; þeir gáfu honum land ok bjó hann í Hanatúni ok var kallaðr Túnhani. Þar er nú kallað Marbæli. Hans son var Snorri Hlíðarmannagoði." Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Hanatun, kallast nú almennilega Hanastader heitir fornt eyðiból í staðarins landi milli Skjaldarvíkur og Glæsibæjar. Þar eru sýnileg byggingarmerki, tóftarústa og girðinga, og brúkar staðurinn þangað stekkjarför. Þetta eyðiból var byggt um eitt ár af staðarhaldarunum, einum fátækum manni, hjer um fyrir 16 árum." Í Jarðabók Johnsens frá 1847 eru Hanastaðir sagðir vera hjáleiga Glæsibæjar og að þar sé einn ábúandi. Hanastaðir koma einnig fram í Íslenskum sögustöðum III, Kristians Kálunds og þar segir: "Kræklingahlíð heitir frá mynni Hörgárdals og suður eftir ströndinni til Glerár. Landnámsmaðurinn þar bjó í Hanatúni, en þess er að leita fyrir sunnan prestssetrið Glæsibæ (Glæsibær er suðaustan við Dagverðareyri)." Brynjúlfur Jónson nefnir Hanastaði einnig í Árbókinni 1906 og segir þar um staðinn: "Þar hafa til skamms tíma verið sauðahús. Fornir garðar sjást þar um kring". Í Árbók Fornleifafélagsins frá 1924 segir í grein Matthíasar Þórðarssonar um Hanastaði: "Nú sjest fyrir tótt kotsins í laut einni vestur á bakkanum fyrir ofan síldarhús Bergstens. Þó er þess að gæta, að Br. J. segir þar hafa verið til skamms tíma verið sauðhús, sem Hanastaðir voru. - Afarfornt garður [661:005] er hjeðan alla leið norður fyrir tún á Glæsibæ." Í örnlefnalýsingu Hanastaða segir: "Sunnan við Glæsibæjarmóa liggur Hanastaðadrag og síðar Hanastaðagil ofan að sjónum. [...] Hanastaðir er fornt örnefni og kunnugt úr fornritum. Þar bjó Eyvindur túnhani, sem staðurinn er nefndur eftir. Síðar hét þarna Marbæli."

Hanastaðir virðast hafa verið í eyði frá fornu fari ef frá er tekið að búið var á bænum í eitt ár árið 1696 og svo aftur í einhver ár í kringum 1847 þegar þar bjó einn leiguliði. Býlið er að minnsta komið algerlega í eyði fyrir 1906 og þá er búið að byggja fjárhús á bæjarhólnum. Hanastaðatúnið er nú (2018) í miðjum skógræktarreit sem heitir Hagaskógur. Þar myndast lítill dalur milli tveggja hæða og rennur bæjarlækur Hanastaða þar niður og út í sjó. Ekki hefur verið plantað að ráði í bæjarstæðið sjálft og hefur því myndast lítið rjóður á svæðinu. Alls eru 6 tóftir/þústir á svæðinu og fimm garðlög. Flestar tóftanna gætu tilheyrð gamla bæjarstæði Hanastaða enda margar hverjar sokknar og líta nokkuð fornlega út. Þetta eru bæjarhóll 001A, tóft 002, garðlag 005, þúst 006, tóft 008, vörslugarður 009, fjárhústóft 012 og túngarður 014. Yngri tóftir eru 004, sem áður stóð þinghúsið Þingheimar sem byggt var um aldamótin 1900 og fært á Sólborgarhól [ÁR-243] um 1910, og beitarhúsatóft 001B sem var byggð



Mynd 31. Uppmæling af bæjarhólnum og fjárhústóftunum sem byggðar eru ofan í hann.

metrar en þetta er þó líklegasti staðurinn fyrir bæjarstæðið. Bæjarhóllin er um 24x6 metrar að stærð. Stór beitarhúsatóft 001B er á bæjarhólnum. Tóftin er 14x8 m stór og snýr austur-vestur. Hún er yngri en aðrar minjar á svæðinu og var byggð út frá Glæsibæjarbýlinu þegar Hanastaðir voru komnir í eyði. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sést í grjóthleðslur í báðum langveggum í hólfi I. Veggir hennar eru 0.5-1 m á hæð. Inngangur hennar vísar í austur og er hún tvískipt, hólf I er austar og hefur verið fjárhús og hólf II hlaða. Hólf I, fjárhúsið er 7x3 metrar að innanmáli. Það snýr eins og tóftin, austur-vestur, og lágur grjót- og torfhlaðinn garði er í því miðju, um 0,3-0,4 m á hæð. Hólf II, hlaðan, er vestar og snýr norður-suður. Inngangur er inn í hana frá hólfi I úr austri. Innanmál hólfinsins er 4x3 metrar.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: ÍF I, 259, JÁM X 182, ; KK, 89; BJ: Árb 1906, 20; MÞ: Árb 1924, 52; Ö-Glæsibær, 160

EY-247:002

tóft

útihús

A: 538492

N: 583712



Mynd 32. Og 33. Tóft og þúst 002, horft til SSV (vinstri) og horft til suðurs (hægri).

Tóft er vestast í heimatúni Hanastaða, sambyggð við túngarð 014. Bæjarlækurinn rennur í lækjargili tæpum 20 m

sunnan við tóftina, til austurs niður að sjó. Skógræktarvegur Hagaskóga liggur rúmum 90 m suðvestan við tóftina. Staðsetning tóftar og útlit benda einna helst til þess að hún sé einhverskonar útihús. Svæðið þar sem tóftin er, er stórþýft og grasivaxið og er í aflíðandi halla til austurs. Mikil skógrækt er í kringum heimatúnið og hefur trjám verið plantað rétt um 2 m frá tóftinni og garðlögnum.

Tóftin er sambyggð túngarði Hanastaða og liggur í suðvesturhorni heimatúnsins. Rétt austan við hana er lítil þúst sem einnig er skráð undir þessu númeri og alls er minjasvæðið 13x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er frekar fornleg tengist líklega eldri búsetu á Hanastöðum. Tóftin er torfhlaðin og veggjahæð hennar er 0,2-0,3 m. Tóftin sjálf skiptist niður í þrjú hólf en auk þeirra er sem fyrr segir þúst við hana sem e.t.v. mætti telja fjórða hólf. Hólf I er vestast í tóftinni og snýr norður-suður. Það er 3x1,5 m að innanmáli og hugsanlega var innangengt úr því (á austurhlið) yfir í hólf II. Hólf II er 1,5x1,5 m að innanmáli og er í norðausturhorni tóftarinnar. Innangangur í það sest á austurhlið. Hólf III er sunnan við hólf II, í suðaustur horni tóftarinnar. Það er 2,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Innangangur í hólf. Þúst IV er austan við tóftina og er 6x4,5 m að stærð og ekki er hægt að sjá hólfaskipan á henni þó líklega megi telja að þar sé fjórða hólf á tóftinni.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 43-44




Mynd 34. Uppmæling af tóft og þúst 002. Túngarður 014 er sambyggður tóftinni og sést liggja út frá veggjum hennar til norðurs og austurs.



Mynd 35. Grunnur skemmu 003, horft til austur. Hanastaðaklettur í baksýn.

síldarsöltunarplan 014. Þessar minjar tengjast líklega allar síldarsöltunarstöðinni. Við aðalskráningu árið 1998 var minjapýrpingin á þessum stað skráð undir einu númeri en að þessu sinni var hverri minjainningu gefið sérstakt númer.

Tóftin er alveg niðri í fjörunni en vestan við hana er grasi gróið plan sem hefur verið sléttað. Hanastaðaklettur eru austan við hana og verja hana mesta sjávarganginum. Í aðalskráningu frá árinu 1998 segir um síldarsöltunarstöðina: "Planið sjálft er um 70x30 m, þar svæði var sléttað og var vinnusvæði og því skráð með. [...] Greinileg tóft af grjóthlöðnu húsi er í viki milli plansins og klettsins,..." Tóftin er grjóthlaðin og sést í sandsteinssteypu á milli steina í austurveggnum. Tóftin er 7x6 metrar að stærð og snýr norður-suður. Enginn veggur er á suðurhlið hennar og hefur líklega verið timburpíl á þeirri hlið. Þar hefur einnig verið inngangur inn í hana. Innanmál tóftarinnar er 6x4,5 og hæð veggja er 0,4-0,8 m. Það sést í 2-3 umför af grjóti í henni. Allur gróður og jarðvegur er nú horfinn í kringum tóftina, fyrir utan vesturhlið hennar en þar sést einnig glitta í grjóthleðslur undir gróðurþekjunni. Tóftin hefur líklega verið einhverskonar skemma til þess að geyma í tæki og tól og ýmislegt annað tengt síldarsöltuninni.



Myd 36. Uppmæling af grunni skemmunnar, ásamt steiptum hleðslum 011 og sjávarvarnargarði 010.

Hættumat: Stórhætta vegna rofs

Heimildir: BE II 1990, 582; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 44




Myndir 37 og 38. Þingstaðatóft 004, horft til austurs (vinstri) og uppmæling af tóftinni (hægri)

Í Örnefnalýsingu Glæsibæjar segir: "Þar var og um nokkurt skeið samkomustaður og þinghús Hlíðunga." Í Byggðir Eyjafjarðar segir: "Þinghús Hlíðunga var byggt á Hanastöðum skömmu fyrir aldamót og nefnd Þingheimur, en var árið 1910 flutt í land Sólborgarhóls." Heimildamenn, Sigríður Manasesdóttir og Hulda Davíðsdóttir, vissu ekki hvar nákvæmlega þinghúsið var staðsett. Hinsvegar er tóft er í heimatúni Hanastaða, tæpum 20 m VNV við bæ 001, ofar í brekkunni og 10 metrum norðan við garðlag 005 sem svipar í útliti við þau ummerki sem þinghús frá þessum tíma gskilja eftir sig. Hluti tóftarinnar er innan marka skógræktarsvæðisins og hefur verið plantað í norðurvegg hennar.

Tóftin eru á litlum hól sem er grasi vaxinn. Svæðið þar sem tóftin er, er mjög stórbýft og grasi vaxið. Heimatúnið er í aflíðandi halla til austurs, að sjó og bæjarlækurinn rennur í lækjargili tæpum 50 m sunnan við. Hún er 5x4.5 m að stærð, er einföld og snýr norðaustur-suðaustur. Hún er ferhyrningslaga og inngangur er til norðvesturs. Innanmál tóftarinnar 3x2,5 m. Tóftin er torfhláðin og veggir hennar eru mjög signir eða 0,2-0,4 m á hæð. Suðurveggur tóftarinnar er hæstur.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Glæsibær, 160; BE 1990, 582



Myndir 39 og 40. Garðlag 005, horft til suðaustur og uppmæling af garðlaginu.


Garðlagið liggur í boga sunnan við tóft 005, á 17 m löngum kafla. Það er mjög óljóst og mjög hlaupið í þúfur. Garðlagið er torfhlaðið og er 1-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en líklega hefur það tengst starfsemi innan heimatúns Hanastaða.

EY-247:006

úti hús

A: 538563

N: 583666



Myndir 41 og 42. Útihúsapúst 006 sem liggur rétt sunnan við bæjarhól 001, horft til suðurs (vinstri) og uppmæling af þústinni (hægra).

Þústin er 7x6 m stór og snýr norður-suður. Hún er um 0,5 m að hæð og frekar þýfð og grasi vaxin. Ekki sjást neitt lag á þústinni en hún var látin njóta vafans vegna nálægðar sinnar við bæjarhólinn.

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar




Myndir 43 og 44. Túngarður 007A (vinstri), horft til suðausturs. Túngarður 007B (hægri), horft til suðurs

Garðlag 007 er fast austan við bæ 001, neðar í brekkunni og nær sjónum. Á þessum stað er mikil þúfnamyndun og myndast þarna langar og mjóar þúfur sem minna helst á garðlög. Garðlag 007 var þó of reglulegt og langt til þess að geta verið náttúrulegt eb það er þó aðeins hægt að skera úr um það með könnunarskurði. Í þessari skráningu er garðlagið þó látið njóta vafans og er því tekinn með í fornleifaskrána. Garðlagið var skráð í þremur hlutum sem allir eru þarna austan og suðaustan við bæjarhólinn 001. Ef garðlögin eru manngerð þá er þau líklega yngra byggingarstig túngarðar Hanastaða.


Túngarðurinn liggur um mjög stórhýft og grasi vaxið svæði. Heimatúnið er í aflíðandi halla til austurs, að sjó og bæjarlækurinn rennur þar í lækjargili sunnar við túnið. Hluti C er nú (2018) innan skógræktarsvæðisins.

Á þessum slóðum fundust þrír garðpartar sem liggja á alls 55 metra löngum kafla austan og suðaustan við bæ 001. Hann liggur að mestu norður-suður en syðsti hlutinn virðist þó vera að beygja til vesturs. Hverjum parti verður hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hluti A er staðsettur rúmum 10 m austan við bæ 001 og liggur á 30 m löngum kafla, norður-suður. Hann er 0,2-0,4 m á hæð og 0,7-1 m á breidd. Mikið af elftingu vex í kring. Hluti B er rétt sunnan við hluta A, og sést á 5 löngum kafla. Hann snýr einnig norður-suður og er svipaður að stærð. Bæði hluti A og B eru torfhlaðnir og sést ekkert grjót í þeim. Hluti C er 6 m suðvestan við B, er 3 m langur og snýr austur-vestur. Hann er líkt og hinir garðarnir, 0,2-0,4 m á hæð og 0,7-1 m á breidd. Í þessum hluta sést í smávegis grjót. Garðarnir eru líklega yngra byggingarstig túngarðs sem hefur verið í kringum heimatún Hanastaða, hugsanlega á þegar býlið var í byggð 1696 eða í kringum 1847.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Mynd 45. Uppmælingar af túngarði 007



Myndir 46 og 47. Tóft 008, horft til norðurs og uppmæling af tóftinu og hluta af garðlagi 009

Tóft er utan og austan við eldri túngarð Hanastaða 014, við vesturenda túnsins, rúmunum 130 m VNV við bæ 001 og rúmunum 30 m norðvestan við 002. Garðlag 009 er fast austan við tóftina. Umhverfis tóftina er mjög þýft en svæðið er í aflíðandi halla til austurs. Það er undirlagt trjárækt og hefur lauf- og barrtrjám verið plantað í kringum tóftina og í norðurvegg hennar.

Tóftin er 7x5 m stór og snýr norður-suður. Hún er torfhláðin og eru veggir hennar fremur signir eða um 0,2-0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Tóftin er tvískipt og inngangur er á henni til suðurs. Hólf I er nyrst í tóftinni. Það er 1,5 x 1,5 m að innanmáli og er opið frá því inn í hólf II, til suðurs. Veggir eru 0,4-0,5 m á hæð. Hólf II er mun óljósara en hólf I. Innanmál þess er 2x1,5 m. Ekki sjást neinar vegghleðsur á suðurveggnum sem gæti bent til þess að þar hafi verið viðarþil. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð. Norðurveggur tóftarinnar gengur um 2 m lengra til austurs en hólfina og gæti það verið merki um þriðja hólf í tóftinni hafi verið þar. Það gæti jafnvel hafa tengst garðlagi 009, sem liggur austan við og þannig myndað annað hólf, en ef svo var þá er sú tenging horfin nú. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gengdi líklegast hefur hún verið einhverskonar útihús tengt Hanastöðum.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Myndir 48 og 49. Garðlag 009, horft til suðurs og uppmæling af garðlaginu og tóft 008 sem liggur vestan við það.

Garðlag liggur utan við túngarð Hanastaða 014 við vesturenda túnsins, rúmunum 125 m VNV við bæ 001 og rúmunum 25 m norðvestan við 002. Tóft 008 er um 5 m vestan við garðlagið. Umhverfis er mjög þýft og er svæðið í aflíðandi halla til austurs. Það er undirlagt trjárækt og hefur lauf- og barrtrjám verið plantað í garðlagið. Garðlagið snýr NNA-SSV og er um 32 m langt. Það er torfhlaðið, 1-1,5 m á breidd og 0,4-0,6 m hátt. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en e.t.v. er líklegast að það hafi verið e.k. vörslugarður til að halda búfénaði frá eða í túni.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar



Mynd 50. Sjóvarnargarður 010, horft til suðurs. Hann er farinn á láta verulega á sjá.


skráður, steinsteyptar hleðslur 011 og síldarsöltunarplanið 013. Þessar minjar tengjast líklega allar síldarsöltunarstöðinni. Við aðalskráningu árið 1998 var minjabyrpingin á þessum stað skráð undir einu númeri en að þessu sinni var hverri minjainingu gefið sérstakt númer.

Sjóvarnargarðarnir eru niðri í fjörunni en vestan við þá er grasi gróið plan sem hefur verið sléttað. Hanastaðaklettur er austan við. Í aðalskráningu frá árinu 1997 segir um síldarsöltunarstöðina: "Sjóvarnargarðar voru hlaðnir frá Hanastaðaklettinum og eftir ströndinni að planinu og eru þeir mikið skemmdir sérstaklegar að norðanverðu þar sem garðurinn stendur út í sjónum." Nú er garðurinn norðan, hluti B, við algerlega horfinn en sá sem er sunnar, hluti A, sést ennþá. Hægt er að rekja hann í grýttir fjörunni á 37 m löngum kafla. Garðurinn er þó að mestu hruninn og sjást ekki neinar eiginlegar hleðslur lengur. Hann er 1,3-2 m á breidd og um 0,4 m á hæð.

Hættumat: Stórhætta vegna rofs

Heimildir: Ö-Glæsibær, 159; BE II 1990, 582; Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir, 44

Í örnefnaskrá Glæsibæjar segir: "Um aldamótin 1900 var síldarsöltunarstöð á Hanastöðum." Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Á þessu svæði, við Hanastaðaklett, reistu Norðmenn söltunarstöð um aldamótin og starfræktu á fyrstu árum aldarinnar, allt til ársins 1917. Enn sjást talsverð ummerki um þessa starfsemi á Hanastöðum og við Hanastaðaklett." Fast við sjávarbakkann, um 560 m suður af bæjarhólnum á Glæsibæ EY-246: 001 og um 115 m norðaustan við bæjarhólinn á Hanastöðum 001 sjást nokkrar minjar við Hanastaðaklett. Þar eru grjóthlaðin tóft 003, sjóvarnargarður sem hér er



Mynd 51. Uppmæling af sjóvarnargarðinum og öðrum minjum.


Í örnefnaskrá Glæsibæjar segir: "Um aldamótin 1900 var síldarsöltunarstöð á Hanastöðum." Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Á þessu svæði, við Hanastaðaklett, reistu Norðmenn söltunarstöð um aldamótin og starfræktu á fyrstu árum aldarinnar, allt til ársins 1917. Enn sjást talsverð ummerki um þessa starfsemi á Hanastöðum og við Hanastaðaklett." Fast við sjávarbakkann, um 560 m suður af bæjarhólnum á Glæsibæ EY-246:001 og um 115 m

norðaustan við bæjarhólinn á Hanastöðum 001 sjást nokkrar minjar við Hanastaðaklett. Þar eru grjóthlaðin tóft 003, sjávarvarnargarður 010, steinsteyptar hleðslur sem hér eru skráðar og síldarsöltunarplan 013. Þessar minjar tengjast líklega allar síldarsöltunarstöðinni. Við aðalskráningu árið 1998 var minjapýrpingin á þessum stað skráð undir einu númeri en að þessu sinni var hverri minjæiningu gefið sérstakt númer.

Hleðslurnar eru uppi á Hanastaðaklettum, við norðurbrún þeirra. Í aðalskráningu frá árinu 1998 segir um hleðslurnar við síldarsöltunarstöðina: "Upp á klettinum eru leifar af steiptum hleðslum en ekki er ljóst hvort þar var hús." Hleðslurnar eru tvær og eru þær grjóthlaðnar en steipt er á milli steinanna í þeim. Þær eru báðar um 1 m á lengd og 0,5 m á breidd. Sú sem er vestar er betur farin og þar sést 2-3 umför af grjóti. Þær eru báðar um 0,4-0,5 m á hæð. Ekki er vitað hvaða mannvirki var á þessum stað en það hefur tengst söltunarstöð Norðmanna.

Hættumat: Stórhætta vegna rofs

Heimildir: Ö-Glæsibær, 159; BE II 1990, 582; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 44



Myndir 52 og 53. Steinsteyptar hleðslur 011 á Hanastaðakletti, horft til norðurs og uppmæling af hleðslunum og öðrum minjum í kring.

EY-247:012

tóft

útihús

A: 538575

N: 583662



Mynd 54. Útihúsatóft 012, horft til norðausturs

Tóft er í heimatúni Hanastaða, rúmunum 20 m suðvestan við bæ 001 og rúmunum 100 m austan við 002. Umhverfis er mjög stórhýft og grasi vaxið. Heimatúnið er í aflíðandi halla til austurs, að sjó og bæjarlækurinn rennur þar í lækjargili tæpum 30 m sunnan við þústina. Skógræktarsvæði er í og við hæðarnar í kringum túnið, þar sem plantað hefur verið bæði lauf- og barrtrjám.

Tóftin er 15x8,5 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún skiptist í þrjú hól og er inngangur í hana er á austurhlið. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en aðeins sjást þó grjóthleðslur í hólfi I. Hólf I er vestast í tóftinni og snýr það norður-suður. Það er

4x1,5 m að innanmáli og veggir eru 0,5-0,8 m að hæð. Mögulegt er að inngangur hafi verið á austurhlið hennar, inn í hólfi II en hann er þá mjög óljós. Hólf II er austan við hólfi I. Það er 3x3 m að innanmáli. Hæð veggja er 0,4-0,5 og er inngangur úr því yfir í hólfi III. Hólf III er austast í tóftinni. Það er það 6x2 m að innanmáli. Veggir þess eru hlaupnir í þúfur og óljósari en aðrir hlutar tóftarinnar og 0,2-0,4 m að hæð. Tóftin er útihús, hugsanlega fornt fjárhús (hólf II og III) og hlaða (hólf I) frá Hanastöðum.

Hættumat: Hætta vegna trjáæktar

Heimildir: Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 43



Mynd 55. Uppmælin af útihúsatóft 012

EY-247:013 heimild

vinnusvæði

A: 538659

N: 583753



Mynd 56. Vinnusvæði 013 við Hanastaðaklett

síldarsöltunarstöðinni. Við aðalskráningu árið 1998 var minjabyrpingin á þessum stað skráð undir einu númeri en að þessu sinni var hverri minjaeiningu gefið sérstakt númer. Síldarsöltunarplanið sést enn sem sléttur flötur við


Í örnefnaskrá Glæsibæjar segir: "Um aldamótin 1900 var síldarsöltunarstöð á Hanastöðum." Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Á þessu svæði, við Hanastaðaklett, reistu Norðmenn söltunarstöð um aldamótin og starfræktu á fyrstu árum aldarinnar, allt til ársins 1917. Enn sjást talsverð ummerki um þessa starfsemi á Hanastöðum og við Hanastaðaklett." Fast við sjávarbakkann, um 560 m suður af bæjarhólnum á Glæsibæ EY-246:001 og um 115 m norðaustan við bæjarhól Hanastaða 001 sjást nokkrar minjar við Hanastaðaklett. Þar eru grjóthlaðin tóft 003, sjávarvarnagarður 010, steinsteyptar hleðslur 011 og sléttað síldarsöltunarplan sem hér er skráð. Þessar minjar tengjast líklega allar

sjóinn, vestan við Hanastaðaklett.

Í aðalskráningu frá árinu 1998 segir um síldarsöltunarstöðina: "Planið sjálft er um 70x30 m, þar svæði var sléttað og var vinnusvæði og því skráð með." Vinnusvæðið er eins og fyrr segir 70x30 metrar að stærð og snýr norður-suður. Sjávarvarnargarðar voru stíthvoru megin við Hanastaðaklettinn, líklega til þess að varna því að sjór flæddi um vinnusvæðið.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Glæsibær, 159; BE II 1990, 582; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 44.



Mynd 57. Uppmælingar af vinnusvæðinu og fornminjunum í kring

EY-247:014

garðlag

túngarður

A: 538512

N: 583700



Myndir 58 og 59. Túngarður 014, horft til austurs (vinstri) og horft til suðurs (hægri).


Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1925 segir: "Afarforn garður er hjeðan alla leið norður fyrir tún á Glæsibæ

[EY-246].” Hluti þessa garðlags mun vera túngarður Hanastaða sést hann í vesturenda heimatúnsins, þar sem hann er sambyggður tóft 002. Hann er rúmum 110 metrum vestan við bæ 001. Garðurinn er stór og fornlegur og framhald hans EY-661:005 liggur í hlutum til norðurs að eldri túngarði EY-246:029 Glæsibæjar EY-246. Túngarðurinn er á fremur stórhýfðu og grasivöxnu heimatúni Hanastaða. Hematúnið er í aflíðandi halla til austurs og liggur hluti A þar niður meðfram bæjarlæk býlisins en hluti B liggur til norðurs inn í skógræktarsvæði. Mikil skógrækt er á svæðinu og hefur trjám verið plantað rétt um 2 m frá túngarðinum

Túngarðurinn afmarkar horn af túnhluta sem er um 55 x 35 metrar að stærð. Ætla má að túnið hafi þó verið mun stærra og náð langleiðina niður að sjó, þrátt fyrir að eldri túngarður sé með öllu horfinn á því svæði. Túngarðurinn liggur á 86 metra löngum kafla, og myndar L-laga horn í vesturhluta heimatúnsins. Hann liggur annarsvegar austur-vestur og hinsvegar norður-suður. Tóft 002 er samföst túngarði í horninu þar sem hann beygir. Garðurinn er 1-2,5 m á breidd en 0,6 m hár. Nyrsti hluti hans hverfur inn í skógrækina.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: MB: Árb 1925, 52; Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir, 43-44.



Mynd 60. Uppmæling af túngarði 014 og tóft 002 sem er samföst honum

EY-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð

EY-661:005

garðlag

túngarður

A: 538512

N: 583911



Myndir 61 og 62. Túngarður 661:005 sem nær frá Glæsibæ suður að Hanastaðalandi.. Til vinstri sést hluti A, horft til vesturs og á hægri mynd sest hluti B, horft til suðurs.

Í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1925 segir: "Afarforn garður er hjeðan [frá Hanastöðum EY-247] alla leið norður fyrir tún á Glæsibæ [EY-246]." Garðlagið sést enn á tveimur stöðum frá túni Hanastaða að túni Glæsibæjar. Syðri hlutinn sést í tveimur hlutum í lítilli dæld 130 metrum norðan við túngarð EY-247:014. Nyrst alveg við eldri túngarð Glæsibæjar EY-246:029 sést aftur móta fyrir honum á hæðunum sunnan við túnið Gerði.

Túngarðurinn liggur í gegnum svæði sem er nú nánast allt undirlagt skógrækt. Það er að mestu þýft og grasi vaxið en sumstaðar liggur það í gegnum mólendi.

Túngarðurinn liggur norður-suður á 180 metra löngum kafla, að lengd. Hann skiptist í tvo hluta og var hvorum hluta gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hluti A er syðst á svæðinu og liggur á 40 metra löngum kafla í miðju skógræktarsvæðinu, norður-suður. Hann er 1-1,3 metrar á breidd og 0.8-1 metri á hæð. Hluti B er nyrst á svæðinu, alveg við eldri túngarð Glæsibæjar EY-246:029. Hann liggur einnig norður-suður í tveimur hlutum, á 34 metra löngum kafla. Hann er mun ógreinilegriog útflattari en syðri hlutinn, 0.2-0.4 metrar á hæð og 1.3-2 metrar á breidd.



Mynd 63. Uppmæling af túngarðinum.

Hættumat: Stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: MÞ: Árb 1925, 52.

EY-661:008

gata

leið

A: 538615

N:583997



Mynd 64. Gamla þjóðleiðin 008 sem lá við sjávarbakkann frá Glæsibæ til suðurs, fram hjá Hanastaðum, horft til suðurs.

nafnið." Vegaslóðin liggur allt frá Glæsibæ, heim að Skjaldarvík, þaðan suður eftir fjörunni hjá Fögruvík og áfram suður að Krossanesi. Leiðin var skoðuð í landi Glæsibæjar EY-246 og Hanastaða EY-247 þar sem hún liggur norður-suður eftir strandlengjunni en í dag (2018) sjást engin ummækri um hana þar. Við fjöruna í Glæsibæ eru sjávarbakkar frekar háir nema við Hanastaðaklett. Svæðið hallar niður að sjávarbakka og þar er smáþýft og grasi vaxið. Nánast allt svæðið er nú undirlagt skógrækt en yfirleitt hefur verið skilin eftir nokkurra metra löng lína meðfram sjávarbakkanum þar sem ekki hefur verið planað. Landið neðst við sjávarbakkann er einnig mun flatlendara en ofar í hlíðinni og hefur þetta án efa verið kjörinn staður til að komast á milli bæja. Ekki sjást nein ummerki um leiðina í landi Glæsibæjar né Hanastaða.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Skjaldarvík 161; Ö-Samtún, 171

Í Örnefnaskrá Skjaldarvíkur segir: "Sunnan við túnfótinn [í Skjaldarvík] og alveg á sjávarbakkanum heitir enn Flöskuklif. Þar lá hinn ævaforni alfaravegur ofan í fjöruna, og sennilega stafar nafnið frá því, að einhver ferðamaðurinn misst niður "þá háslöngu sína".... Nokkru sunnar liggur vegurinn upp úr fjörunni og sést þar enn vel fyrir troðningum og dálitlum upphlöðnum kafla austan í Ásnum." Í örnefnaskrá Samtúns segir einnig um leiðina: "[Lónið var] oft nefnt Efra-Lón og Lónskjafur yzt við víkina. Þar um lá hinn forni alfaravegur. Er ofurlítið lón við lækjarósinn og af því dregið

5. Niðurstöður

Deiliskipulagsreiturinn er í landi Glæsibæjar og innan hans eru tvö lögbýli, annarsvegar Glæsibær sjálfur sem á sér langa sögu og hinsvegar landsnámsbýlið Hanastaðir (áður Hanatún) þar sem landnámsmaðurinn Eyvindur Hani bjó samkvæmt Landnámi. Áætlanir eru um að byggja íbúðarbyggð á suðurhluta svæðisins, þar sem minjar frá Hanastöðum standa en verslunar- og þjónustusvæði á norðurhluta svæðisins þar sem býlið Glæsibær stendur.

Árið 1998 fór fram aðalskráning á jörðinni sem unnin var af Orra Vésteinssyni og Sædís Gunnarsdóttur.⁵ Í þeirri úttekt voru 14 minjastaðir skráðir innan skipulagssvæðisins. Við deiliskráningu 2018 voru skráðir 29 minjastaðir innan skipulagsreitsins í landi Glæsibæjar. Af þeim voru sex minjastaðir þar sem ekki sáust neinn ummerki um fornleifar á yfirborði og eru þeir allir horfnir í tún. Hinir minjastaðirnir sáust allir að einhverju leyti en voru mis mikið sokknir í gróður með einni undantekningu en það var Glæsibæjarkirkja EY-246:002, timburkirkja undir þaki. Hlutverk minjanna var frekar fjölbreytilegt. Á svæðinu voru fjölmörg garðlög. Sum þeirra voru túngarðar en aðrir sjóvarnargarðar. Sömuleiðis var einn kálgarður skráður við Glæsibæ. Innan deiliskipulagsreits voru einnig fjárhús, skemma, rétt, þingstaður, kirkja og tvö bæjarstæði. Þar voru sömuleiðis fjöldi útihúsa sem ekki var hægt að útlista hlutverk nánar en að líklega hafi þau verið notuð undir skepnuhald. Einnig var skráð þjóðsaga sem kom við sögu á svæðinu, gömul þjóðleið, vegur og síldarsöltunarplan. Ekki var vitað hvaða hlutverki fimm minjastaðir gegndu en fjórir þeirra voru tóftir eða lítil garðlög sem engar heimildir voru um. Fimmti staðurinn var steipt hleðsla sem tengist þó líklega að einhverju leyti síldarverknunni við Hanastaðaklett.

Allar minjar innan skipulagsreit voru taldar í hættu og flestar þeirra eða 90% raunar í stórhættu. Þær ógnir sem að minjum á skráningarsvæðinu steðja eru þrennskónar. Í fyrsta lagi voru minjar við Hanastaðaklett taldar í stórhættu vegna sjávarrofs. Nyrðri hluti sjávarnargarðs við Hanastaðaklett, EY-247:010B, sem skráður var árið 1998 var alveg horfinn þegar farið var á staðinn 2018 og hleðslur í syðri hlutanum EY-247:010A voru mjög illa farnar sökum rofsins. Sjávarrof hefur máð næstum allan jarðveg í burtu í kringum skemmu EY-247:003 og standa því grjóthleðslurnar berar í sjávarrofinu. Því er aðeins tímaspursmál hvenær hleðslur hennar munu brotna niður. Skemman er hinsvegar byggð upp við Hanastaðaklett og nýtur því skjóls fyrir mesta sjávaráganginum. Í öðru lagi töldust 42% minjanna í hættu eða stórhættu vegna trjáræktar. Talsverð skógrækt hefur verið á öllum syðri hluta skipulagsreitsins á undanförunum árum og skógurinn er nú víðast hvar orðinn ansi þéttur. Langflestar fornleifarnar í heimatúni Hanastaða eru til að mynda innan áhrifasvæðis skógræktarinnar og sömuleiðis margar minjar í suðurhluta gamla heimatúns Glæsibæjar. Nokkrar af minjunum á þessu svæði eru í gríðarlegri hættu þar sem trjám hefur verið plantað í vegg þeirra eða innan þeirra. Þeirra á meðal eru þ þingstaður EY-247:004, tóft og garðlag EY-247:008/009 og túngarðar EY-247:014, EY-246:029 og EY-661:005.

⁵ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998.

Bæjarhóll Hanastaða EY-247:001 er einnig í stórhættu vegna trjáræktar og hefur trjám verið plantað í norðurhluta hans. Í þriðja lagi voru allar 29 fornminjarnar sem skráðar voru á svæðinu í hættu vegna þeirra framkvæmda sem eru fyrirhugaðar innan skipulagsreitsins. Hönnun íbúðarbyggðarog verslunar- og þjónustusvæðis er enn á frumstigi og því óljóst hvaða minjar innan skipulagssvæðisins gætu lent undir byggingum og hvaða minjar verða einungis fyrir áhrifum vegna nálægðar við byggðina en eins og skipulagið er sett upp núna (sumarið 2018) virðast hinsvegar langflestir minjastaðirnir verða einhverjum áhrifum (sjá mynd 64). Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að fornleifar innan skipulagsreits teljist í hættu



Mynd 65. Hér sést hvar minjastaðir eru staðsettar miðað við núverandi skipulag íbúðarbyggðar á svæðinu. Ljóst er að mjög stutt er á milli húsa og munu því nánast allir minjastaðir verða fyrir einhverjum áhrifum.

er ekki þar með sagt að rask á þeim sé óhjákvæmilegt heldur aðeins að þær eru innan áhrifasvæðisins og því þurfi að gæta að þeim. Í mörgum tilfellum ætti að vera hægt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja að framkvæmdir eyðileggi ekki fornleifarnar. Í lokin er þó rétt að geta þess að þar sem ekki verður komist hjá raski, úrskurðar Minjastofnun Íslands hvort og með hvaða skilmálum fornleifarnar mega víkja.

Heimildiaskrá

Útgefnar heimildir

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, síðara bindi (1993). Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Brynjúlfur Jónsson (1906). "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905." *Árbók hins íslenska Fornleifafélags* 1906, bls. 1-27.

DI: *Diplomatarium Isandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI* (1853-1976). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

ÍF: *Íslenzk fornrit I*. Íslendingabók, Landnáma (1933). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JJ: J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín X. Eyjafjarðarsýsla* (1943). Kaupmannahöfn: S.L Möller.

Kirkjur Íslands IX. Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi I (2007). Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.) Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands et al.

KK: Kristian Kålund (1986). *Íslenzkir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Matthías Þórðarson (1924) "Smávegis: Um nokkra staði og fornminjar" *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1924, bls. 42-58

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1998). *Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi I*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (FS070-98041).

PP: Prestatalog prófesta á Íslandi (1950). Eftir Hannes Þorsteinsson. 2. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

Sturlunga saga (1946). Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Óútgefnar heimildir

Túnakort Glæsibæjar (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Glæsibær: Örnefni í landi Glæsibæjar. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Ö-Samtún: Örnefni í landi Samtúns. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Ö-Skjaldarvík: Örnefni í landi Skjaldarvíkur. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Heimildamenn

Sigríður Manasesdóttir

Hulda Davíðsdóttir

Ríkharður Gunnarsson



Hnitaskrá

Samtala	X	Y
EY-246:001	538521	584296
EY-246:002	538549	584307
EY-246:003	538441	584216
EY-246:004	538502	584307
EY-246:005	538547	584423
EY-246:008	538642	584355
EY-246:020	538408	584333
EY-246:024	538528	584155
EY-246:025	538522	584280
EY-246:026A	538415	584160
EY-246:026B	538402	584297
EY-246:026C	538397	584440
EY-246:027	538305	584660
EY-246:028A	538256	584751
EY-246:028B	538366	584835
EY-246:028C	538359	584826
EY-246:029A	538537	584078
EY-246:029B	538570	584102
EY-246:029C	538424	584097
EY-246:029D	538382	584155
EY-247:001	538595	583686
EY-247:002	538493	583712
EY-247:003	538695	583755
EY-247:004	538574	583699
EY-247:005	538570	583685
EY-247:006	538564	583666
EY-247:007A	538615	583670
EY-247:007B	538607	583655
EY-247:007C	538599	583650
EY-247:008	538473	583738
EY-247:009	538476	583730
EY-247:010	538690	583746
EY-247:011	538701	583762
EY-247:012	538576	583663
EY-247:013	538659	583754
EY-247:014	538512	583701
EY-661:005A	538513	583911
EY-661:005B	538490	584039
EY-661:008	538616	583997

Minjakort



